


Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur
Samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur

Ásgeir Björnsson
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Reykjavík 30. nóvember, 2012

Varðandi: Umsókn Eiríks Steingrímssonar, Lífna- og sameindalíffræði Læknadeildar Háskóla Íslands, um afmarkaða notkun erfðabreyttra músa (Mus musculus) dagsett 10. október 2012 með breytingum dagsettum 23. nóvember 2012.

Umsögn samþykkt af ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur

Starfsemin fellur undir reglugerð nr 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Umsóknin er um leyfi fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttra músa. Unnið verður með innfluttar erfðabreyttar mýs sem útbúnar hafa verið í samstarfi við rannsóknahóp við National Cancer Institute í USA, sem nú eru geymdar hér á landi. Erfðabreyttu mýsnar bera BAC genaferjur sem geyma ýsmist villigerð eða stökkbreytt afbrigði af Mitf geninu. Engar erfðabreytingar fara fram á músunum á Íslandi, en stofninum viðhaldið með kynæxlun á meðan þörf er á þeim til rannsókna. Sótt er um leyfi til tveggja ára.

Á fundi sínum þann 22. nóvember 2012 fjallaði Ráðgjafanefndin um umsókn Eiríks Steingrímssonar, sem dagsett var 10. október 2012 ásamt munnlegum upplýsingum frá Umhverfisstofnun um leiðréttingu á upplýsingum varðandi frágang úrgangs. Ennfremur bað Ráðgjafanefndin um staðfestingu frá umsækjanda að ekki yrði flutningur á lifandi dýrum út úr húsi frá ræktunarstað. Þessum skilyrðum var fullnægt og sendi umsækjandi inn nýja umsókn 23. nóvember þessu til staðfestingar.

Ráðgjafanefndin leggur einróma til að leyfi verði veitt fyrir starfseminni eins og henni er lýst í umsókn, án skilyrða.

Yirðingarfyllst

Ragnhildur Sigurðardóttir